

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Breytingar á deiliskipulagi Birkilands, frístundabyggðar í landi Voga 3.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí 2013 breytingar á deiliskipulagi Birkilands í landi Voga 3 í Skútustaðahreppi.

Helstu breytingar felast í því að heimilt verður að byggja auk frístundahúss eitt aðstöðuhús á hverri lóð, leyfilegt byggingarmagn á hverri lóð er aukið úr 120 m² í 180 m² og heimilt verður að gera kjallara á þeim lóðum þar sem aðstæður leyfa. Þar að auki er hámarks hæðarkóti þaks bundinn og gerðar eru breytingar á greinargerð til samræmis við ný lög og reglugerðir.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 23. ágúst 2013.

Guðrún María Valgeirsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2013